



Vísindi í jólapakkann þinn

Jólin eru á næsta leyti, svo mikið er víst. Eins og svo oft áður er fólk í miklum vandræðum með hvað á að gefa fólkinu sem stendur þeim næst. Margir góðir möguleikar standa til boða en fólk þarf að vita að það geti treyst vörum sem það kaupir sem jólagjafir og fólkinu sem stendur á bak við þær vörur. TARAMAR er eitt fárra fyrirtækja sem fólk getur treyst á vegna þess að það byggir allar sínar vörur á traustum vísindum og rannsóknum. Dr. Guðrún Marteinsdóttir hefur ásamt eiginmanni sínum, Dr. Kristberg Kristbergssyni, breytt snyrtivörumarkaðnum með TARAMAR-vörum.

TARAMAR notast mikið við sjávarlífverur í vörupróun enda er Guðrún menntuð í vistfræði, dýrfræði og líffræði. „Það lá því beint við að í TARAMAR-verkefninu myndi ég leggja sérstaka áherslu á sjávarfang og þá lífvirkni sem þar er að finna. Það sem var sérstaklega áhugavert var þegar ég uppgötvaði að Kristberg, sem er prófessor í matvælafræði, hafði rannsakað lífvirk efni úr sjávarfangi til framleiðslu á orkumikilli fæðu og var að nota tækni og þekkingu sem gæti nýst sérstaklega vel í húðvörum. Þetta varð byrjunin á flutningi á meira en 30 ára rannsóknarniðurstöðum á matvælum inn í húðvörurnar. Þar sem hvorugt okkar kom úr heimi lyfjafræðinnar, þar sem flestar húðvörur eiga uppruna sinn, þá urðum við frá upphafi að þróa okkar eigin leiðir. Þar sem líf- og matvælafræði var eitthvað sem við kunnum vel, þá varð það til þess að húðvörurnar okkar

eru að mörgu leyti líkari matvælum en venjulegum húðvörum, sem eru ekki beint góðar til neyslu,“ en Guðrún hóf að kynna sér snyrtivörumarkaðinn af alvöru þegar hún byrjaði að glíma sjálf við húðvandamál.

„Það tók mig langan tíma að átta mig á hvað þetta var og heilbrigðiskerfið gat enga hjálp veitt. Að lokum kom í ljós að í ferðum tengdum náminu, við sýnatökur upp eftir allri austurströnd Bandaríkjanna, þá hafði ég sýkst af mörgum sníkjudýrum. Í baráttu minni við þessar sýkingar þá gerði ég mér ljóst að til þess að halda lífi þá yrði ég að taka upp ástund á einhverju sem ég hefði svo gaman af, til hjálpa mér að dreifa huganum. Á sama tíma þá átti ég við erfið húðvandamál að stríða, m.a. sem afleiðingu af „lyme“-sýkingunum, og ég fór að skoða hvað það gæti verið í húðvörum sem færi svona illa með húðina mína. Ég verð að segja að ég varð fyrir algjöru áfalli og enn þann dag í dag verð ég reið þegar ég sé hvað framleiðendur ætlast til að við berum á húðina. Mörg af þessum eignum eru í skelfileg og án efa verða þau bönnuð í framtíðinni. En allavega, þá leiddi þetta til þess að ég fór að blanda mínar eigin formúlur og safna jurtum til að prófa áhrif af mismunandi andoxunarefnum. Eitt leiddi af öðru og eins og oft með mín fyrri áhugamál, þá stækkaði þetta mjög hratt og gladdi sál mína mikið, þannig að það varð auðveldara að eiga við veikindin.“

Vöruúrvalið hjá TARAMAR er fjölbreytt og hægt að finna ýmsa hluti sem henta vel

sem jólagjöf. Sem dæmi er hægt að nefna næturkremið þeirra en það er með öfluga lífvirkni og veitir raka og næringu. Það styrkir húðfrumurnar meðan þú sefur og dregur úr hrukkumyndun. Það hljóta allir að vilja styrkja húðfrumurnar.

Svo er líka hægt að kaupa „Healing Treatment“ formúluna frá TARAMAR en hún er þróuð til að endurbyggja og gera við húðina hvar sem er á líkamanum. Kremið er græðandi og notkunargildi þessa kreams er mikið. Kremið hefur reynst vel fyrir þá sem eru með brennda húð, sólarexem, rósroða, mislitun í húð, sveppi í húð, bólur, vægar sýkingar eða kláða í húðinni. Þetta væri frábært að eiga þegar maður eldar áramótamatinn og brennir sig við eldamenskuna.

Síðast en ekki síst má nefna „Hydration Treatment“ en það er lífræn olíublanda sem er þróuð sérstaklega fyrir þurra húð. Eitthvað sem jólakuldinn kallar fram hjá mörgum. Þessi blanda er góð fyrir venjulega húð og hefur einstaka eiginleika til að róa húðina. Blandan byggir á olíum úr mangosteen-ávextinum, valmúafraejum og kókoshnetum sem eru notaðar til að draga út öflug andoxunarefni úr lífrænt ræktuðu hvítu tei og íslenskum þrenningarfjólum.

Auðvitað eru margar aðrar glæsilegar vörur frá TARAMAR sem henta vel í jólapakkann og fólk getur kynnt sér þær á heimasíðunni TARAMAR.is.